

## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

### **Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um aðgerðir til að auka hreyfingu og vellíðan barna**

Á fundi borgarráðs, 1. febrúar 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

*Samkvæmt rannsóknnum er hreyfing lykilatriði í námsástund til að ná góðum árangri. Er skóla- og frístundasvið að leita leiða til að auka hreyfingu barna eða skapa fleiri tækifæri fyrir nemendur að stunda hreyfingu eða markvissa þjálfun? Hvað nýjar nálganir á að skoða til að bæta ekki aðeins árangur nemenda heldur einnig líðan nemenda? Er í kortunum að skóla- og frístundasvið beiti sér fyrir að fylgst sé með líðan barna í grunnskólum borgarinnar með einföldum matstækjum?*

**Svar:**

#### **Aðalnámskrá**

Í aðalnámskrá grunnskóla er fjallað um *heilbrigði og velferð* sem einn af grunnþáttum menntunar. Heilbrigði byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan sem ræðst af flóknu samspili einstaklings, aðstæðna og umhverfis. Því skal skólastarf skipulagt með það að markmiði að efla heilbrigði og stuðla markvisst að velferð og vellíðan nemenda.

Til að ná ofangreindu markmiði gegnir námsgreinin *skólaíþróttir* veigamiklu hlutverki og er mikilvægur hluti þeirrar heilsuræktar og heilsueflingar sem nemendur þurfa á að halda í gegnum grunnskólagönguna. Við skipulagningu skólaíþróttar skulu öll hæfniviðmið höfð í huga og sá rammi sem námssviðinu er markaður í viðmiðunarstundaskrá í almennum hluta aðalnámskrár.

#### **Menntastefna Reykjavíkurborgar**

Sama stef má finna í Menntastefnu Reykjavíkurborgar *Látum draumana rætast*. Einn af áhersluþáttum hennar er *Heilbrigði – Heilbrigði, lífstíll og vellíðan*. Þar er horft á heilbrigði og vellíðan á heildstæðan hátt og „undir heilbrigði falla meðal annars lífs- og neysluvenjur, líkamleg færni, kynheilbrigði og andleg og félagsleg vellíðan. Hugmyndir um heilbrigði hafa þróast með aukinni þekkingu á samspili hugar og líkama, náttúrulegu og félagslegu umhverfi og áhrifum efna og fæðu. Í hnotskurn má segja að sá einstaklingur sé heilbrigður sem hefur tileinkað sér heilbrigðan lífsstíl og öðlast hæfni til að standa vörð um eigið heilbrigði. Vellíðan barns í daglegu lífi leggur grunninn að virkri þátttöku, aukinni færni og árangri í skóla- og frístundastarfi.“

Í aðgerðaáætlun menntastefnunnar á hverjum tíma má finna ýmsar aðgerðir sem snúa beint að því að efla og auka hreyfingu, heilbrigði og vellíðan. Sú aðgerðaáætlun á sér einnig skýra skírskotun í Lýðheilsustefnu borgarinnar enda mikilvægt að þessar tvær stefnur, þ.e. Menntastefna og Lýðheilsustefna, tali vel saman þegar kemur að börnum og ungmennum.



## Heilsueflandi grunnskóli

Ein af aðgerðum Lýðheilsustefnunnar, sem jafnframt er komin inn í aðgerðaáætlun Menntastefnunnar, er m.a. að allir grunnskólar borgarinnar verði orðnir virkir þátttakendur í verkefninu Heilsueflandi grunnskóli hjá embætti landlæknis árið 2027.

Heilsueflandi grunnskóla er ætlað að styðja skóla í því að vinna markvisst að heilsueflingu í starfi sínu. Í því felst að skapa skólaumhverfi sem stuðlar að andlegri, líkamlegri og félagslegri heilsu og vellíðan nemenda og starfsfólks í samvinnu við heimili og nærsamfélag. Nálguninni er einnig ætlað að styðja við grunnþáttinn *heilbrigði og velferð* sem er einn af grunnþáttum menntunar samkvæmt fyrrnefndri Aðalnámskrá grunnskóla.

Áherslupættir heilsueflandi grunnskóla eru átta talsins; nemendur, heimili, starfsfólk, nærsamfélag, mataræði og tannheilsa, *hreyfing* og öryggi, lífsleikni og geðrækt. Hverjum þætti fylgja ítarlegir gátlistar sem unnið er með innan hvers skóla.

## Starfshópur um hreyfingu

Samkvæmt aðgerðaáætlun Menntastefnu Reykjavíkurborgar var nýverið stofnaður *Starfshópur um aukna hreyfingu í skóla- og frístundastarfi*. Eitt fyrsta verkefni þessa hóps í samstarfi við fagskrifstofu grunnskóla er vinnusmiðja með öllum íprótta- og sundkennurum grunnskóla sem boðuð hefur verið í maí. Þema vinnusmiðjunnar verður tvíþætt, annars vegar hvernig við bjóðum öll börn velkomin í ípróttir og sund svo þeim líði vel og upplifi sig örugg og hins vegar hvernig við getum aukið almenna hreyfingu í skólustarfi. Þarna er verið að virkja fagmenntaða íprótta- og heilsufræðinga og búa til lærdómssamfélag sem hjálpar okkur að auka almenna hreyfingu í skóla – og frístundastarfi.

Eitt af verkefnum hópsins er jafnframt að vekja athygli á útikennslu en þar hefur *Miðstöð útivistar og útináms (MÚÚ)* stutt dyggilega við grunnskóla undanfarin ár. Jafnframt mun athygli verða vakin á *Útilífsborginni Reykjavík* og öllum þeim möguleikum sem bjóðast til hreyfingar og útivistar í borginni.

## Kannanir um líðan

Grunnskólar borgarinnar og starfsfólk á skrifstofu skóla- og frístundasviðs fylgjast grannt með líðan barna í gegnum þær reglulegu kannanir sem lagðar eru fyrir nemendur grunnskólanna. Þær kannanir eru *Skólapúlsinn*, kannanir *Rannsóknna og greininga (R&G)* og *Íslenska æskulýðsrannsóknin*. Með þessum könnunum fást reglulega upplýsingar um líðan nemenda og brugðist er við niðurstöðunum á viðeigandi hátt á hverjum stað með stuðningi starfsfólks á skrifstofu skóla- og frístundasviðs, á miðstöðvum borgarinnar og víðar. Niðurstöðurnar eru kynntar á sameiginlegum fundum stjórnenda á starfsstöðvum SFS, starfsfólks á skrifstofu SFS og á miðstöðvum borgarinnar þar sem í kjölfarið er rætt um til hvaða aðgerða hægt er að grípa til að bregðast við niðurstöðunum og hvert er hlutverk hvers og eins í því sambandi. Leitast er við að mæta áskorunum sem birtast í þessum könnunum með aðgerðum í starfsáætlunum starfsstaða.

## Lokaorð

Að mati skrifstofu skóla- og frístundasviðs eru fjölmargar aðgerðir og verkefni nú þegar í gangi til að stuðla að aukinni hreyfingu barna og að skapa fjölbreytt tækifæri til hreyfingar og markvissrar þjálfunar í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Bæði hafa verið innleidd ný verkefni en einnig leitast við að styðja við verkefni sem þegar eru í gangi og sem styðja við og efla hreyfingu og vellíðan í skóla- og frístundastarfinu. Skóla- og frístundasvið telur að þegar sé leitast við að fylgjast vel með líðan barna í grunnskólum borgarinnar með þeim matstækjum sem í boði eru og að markvisst samstarf sé til staðar um að bregðast við niðurstöðum þeirra rannsókna.